

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2343  
að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 5 og 7  
og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IAS-staðla 19 og 34.**

### 1. gr.

Eftirtalin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2016, frá 18. mars 2016, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2343 frá 15. desember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla, 5 og 7 og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IAS-staðla 19 og 34.

### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2015/2343 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 19/2016, 31. mars 2016, bls. 469.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er að eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðu-reikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. apríl 2016.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Valgerður Rún Benediktsdóttir.**

*Harpa Theodórsdóttir.*